


Aðalfundur 2015

~ Haldinn þann 19.janúar ~



Dagskrá aðalfundar

- **Kosning fundarstjóra**
- **Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári**
- **Reikningar lagðir fram til samþykktar**
- **Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda**
- **Kosning stjórnar**
 - Gjaldkeri og vallarstjóri
- **Tillögur og lagabreytingar**
 - Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum
- **Önnur mál**

- **Hlé og léttar veitingar**

- **Vídeóannáll 2014 frumsýndur**
 - Hægt verður að nálgast hann á vef félagsins og YouTube
<http://modelflug.net/video/2015/>
<http://youtu.be/7dqUhflcbfo>

Skýrsla stjórnar

Flugmóðelfélagið hélt aðalfund sinn í fundarsal Íþróttakademiunnar þann 4.febrúar og var rétt um helmingur félagsmanna mættur. Rekstur á árinu 2013 var jákvæður um 133.039 kr. Hefðbundin aðalfundarstörf tóku fljótt af, Magnús Kristinsson var endurkjörinn sem formaður, Gunnar M. Magnússon sem meðstjórnandi og Ágúst H. Borgþórsson sem nýr meðstjórnandi. Að loknum aðalfundarstörfum bauð formaður félögum upp á báta frá Neðanjarðarlestinni og svo var vídeóannáll Flugmóðelfélagsins frá árinu 2013 frumsýndur og vakti mikla lukku.

Árið sem slíkt var gott fyrir Flugmóðelfélagið, tveir nýir félagar gengu í félagið en einn bættist í hóp Innherja. Ekki varð mikið úr sumrinu þar sem við virtumst fara beint úr vorveðri í haustveður, aftur, en menn létu það þó ekki há sér of mikið og var furðu mikið flogið miðað við aðstæður.

Flugmóðelfélag Suðurnesja hélt sína árlegu flotflugkomu þann 27.maí, fjórir mættu galvaskir til leiks. Þó ekki færðu nema tveir í loftið af vatninu. Einnig fundust tveir þýskir túrhestar sem höfðu tjaldað á Hlíðarenda og var þeim náðarsamlegast leyft að dvelja eina nótt en lesið vel yfir hausamótunum á þeim.

Félagsmenn voru svo duglegir að mæta á aðrar samkomur, hvort heldur sem var í Eyjafjarðarsveit, Tungubökkum eða Hamranesi.

Innherjar hófu svo aftur að flögra í Reykjaneshöllinni í byrjun október og munu halda uppteknum hætti út apríl 2015.

Hátíðarhefðinni var að sjálfsögðu viðhaldið og flogið á aðfangadag og gamlársgang.

Stjórn Flugmóðelfélags Suðurnesja

Reikningar félagsins*Flugmóðelfélag Suðurnesja***Ársreikningur 2014**

	Inn	Út
Sparireikningur		200.000 kr.
Félagsgjöld	320.900 kr.	
Innherjar	240.000 kr.	148.236 kr.
Styrkir	105.000 kr.	
Vextir	2.862 kr.	
Vallarviðhald		142.270 kr.
Vefmyndavél		55.505 kr.
Skrifstofuvörur		28.090 kr.
Bensín, gas, olía		25.734 kr.
Veitingar		25.528 kr.
Tryggingar		24.627 kr.
Aðalfundur		24.414 kr.
Bankakostnaður		6.051 kr.
Fjármagnstekjuskattur		572 kr.
Samtals á árinu	<u>668.762 kr.</u>	<u>681.027 kr.</u>
Fært frá fyrra ári	133.039 kr.	
Samtals	<u>801.801 kr.</u>	<u>681.027 kr.</u>
Samtals eign í árslok	<u>120.774 kr.</u>	
Velta á árinu	1.482.828 kr.	
Rekstrarniðurstaða	1.143.368 kr.	

Eignir	Verð
Sparireikningur	1.022.594
Sláttuvél	200.000
Orf	25.000
Kerra	500.000
Bátur	25.000
Rafstöð	25.000
Samtals	1.797.594

Flugbrautir og vallarsvæði	33.625.000
- flugbrautir	27.500.000
- vallarsvæði	2.500.000
- vagn	1.500.000
- vallarplan	2.000.000
- gámur	125.000

Samtals eignir	35.422.594
-----------------------	-------------------

Niðurstaða

Eins og kemur fram þá var rekstur ársins jákvæður um 1.143.368 kr en 1.022.594 kr af því er vegna inneignar á sparireikninga og 105.000 kr vegna styrks. Daglegur rekstur skilaði því afgangi upp á 15.774 kr en vel var tekið til hendinni í framkvæmdum á Arnarvelli ásamt því sem lagst var í smá fjárfestingar á vefmyndavél fyrir Arnarvöll.

Fjárhagsáætlun og félagsgjöld

Stefnt verður að áframhaldandi aðhaldi í fjármálum félagsins en þó þarf að sinna ýmsu viðhaldi og framkvæmdum á Arnarvelli, t.d. koma upp girðingu við gangsetningarsvæði. Félagsgjöldin á síðasta ári stóðu undir rekstrinum. Ég legg því til að félagsgjöldin verði óbreytt nema 500 kr verði bætt við yngra gjald til að færa það aftur í helming af fullu gjaldi. Félagsgjöld verði þá 6.000 fyrir yngri en 18 ára og 12.000 fyrir aðra félagsmenn.

Kröfur vegna félagsgjalda verða stofnaðar í bankakerfinu um mánaðarmótin, þeir sem vilja greiða fyrir þann tíma, og forðast greiðslukostnað(200 kr), hafi samband við gjaldkera fyrir 27.janúar.

Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri

Kosning stjórnar

Á þessum aðalfundi þarf að kjósa gjaldkera og vallarstjóra.

Tillögur og lagabreytingar

Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum.

Önnur mál

Orðið er frjálst.

Minnisblað